

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 3. mars kl. 13:00 var haldinn 361. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur og Helena Guðrún Guðmundsdóttir að hluta.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 28. febrúar 2025 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF360 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Framkvæmdastjóri fjármála mætti til fundarins ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur og Hrafnhildi Fanngeirsdóttur frá reikningshaldi og Eiríki Hjálmarssyni, sjálfbærnistjóra. Þau gerðu grein fyrir drögum að ársreikningi og ársskýrslu.

Valgarður Lyngdal mætti til fundarins kl 13:15.

4. Klukkan 15:05 mættu Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx og Kristinn Ingi Lárusson viðskiptaþróunarstjóri til fundarins og gerðu grein fyrir sviðsmyndagreiningu fyrir Carbfíx.
5. Klukkan 16:05 mættu Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar og Sunna Jóhannsdóttir, fulltrúi í endurskoðunarnefnd til fundarins og kynntu starfsskýrslu endurskoðunarnefndar fyrir tímabilið ágúst 2023 til júní 2024.
Umræður.
Klukkan 16:25 yfirgáfu Lárus og Sunna fundinn.
6. Klukkan 16:25 mættu Dagmar I. Birgisdóttir, Vigdís Eva Líndal, Gísli Björn Björnsson, Hólmfríður Sigurðardóttir og Reynir Guðjónsson til fundarins og gerðu grein fyrir heildstæðri skýrslugjöf um áhættustýringu og lögðu fram svohljóðandi tillögu. Reynir tók þátt um fjarfundabúnað. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn samþykkir að heildstæð skýrslugjöf um áhættustjórnun verði hluti af reglubundinni skýrslugjöf til stjórnar og að hún verði lögð fyrir ársfjórðungslega.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Klukkan 16:52 yfirgáfu þau Dagmar, Vigdís, Gísli, Hólmfríður og Reynir fundinn.

7. Svohljóðandi tillögur til aðalfundar lagðar fram:

Umboð til boðunar aðalfundar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita stjórnarformanni umboð til boðunar aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2025, í samræmi við sameignarsamning og að höfðu samráði við eigendur.

Samþykkt samhljóða.

Endurskoðun:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2025.

Samþykkt samhljóða.

Arðgreiðslur:

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 6.500 milljónir króna eða rúmlega 2,4% af eigin fé í árslok 2024 og 70% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2024-2026.

Tillagan samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Helgasonar, Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Þórður Gunnarsson greiðir atkvæði gegn tillögunni.

Þóknun stjórnar:

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR. Litið var til tveggja opinberra fyrirtækja, þ.e. til Landsvirkjunar og Landsnets en þar var hækkun árin 2022 (v. 2023) og 2023 (v 2024) m.t.t. verðbólgu (9%) en tölur fyrir 2024 eru ekki enn komnar. Ef miðað er við sömu aðferðafræði og beitt var milli 2022 og 2023 voru stjórnarlaun Landsvirkjunar um 307.000 kr. á mánuði á síðasta ári og stjórnarlaun Landsnets um 250.000 kr. Stjórnarlaun vegna Strætó bs. og Faxaflóahafna sf. hækkðu milli ára um sem nemur hækkun launavísitölu. Launavísitala milli ára – þ.e. frá desember 2023 – desember 2024 var 6,4%. Til samanburðar hækkðu heildarlaun framkvæmdastjóra OR milli desember 2023 og desember 2024 um 9%. Stjórnarstörf eru aukastörf þótt sumir stjórnarmanna séu fulltrúar í sveita/borgarstjórn hjá eigendum fyrirtækisins.

Með vísan til framangreinds þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki sem nemur hækkun launavísitölu milli ára eða 6,4%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun aðalmanna 231.412 kr. (voru 217.493, 2024) á mánuði en varamanna helming þeirrar fjárhæðar fyrir hvern fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Ef kjörinn stjórnarmaður er með lögheimili erlendis er heimilt að greiða honum aukalega vegna útlagðs kostnaðar, þ.m.t. kostnaður við að koma sér til og frá fundarstað (þetta á einungis við um staðfundi).

Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.

Samþykkt samhljóða.

Fundi frestað kl 17:15 vegna stjórnarfundar OR eigna um tillögur til aðalfundar.

Fundur hófst aftur kl 17:20.

8. Skýrsla regluvarðar. Frestað.

9. Lagt fram minnisblað, dags. 27.2. 2025 um stöðu auðlinda, nýsköpunar, sjálfbærni og umhverfi. Einnig lagt fram minnisblað, dags. 20. febrúar 2025 um orkuöflun og minnsiblað 20. febrúar 2025 um djúpvinnslu.

10. Innkaupastefna lögð fram, rýnd og samþykkt óbreytt.
11. Innkaupayfirlit fyrir árið 2024 lagt fram.
12. Dótturfélög. Stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda. Til upplýsingar.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 19.02.2025.
Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 236 dags. 24.01.2025.
Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar dags. 19.02.2025.
Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar nr. 71 dags. 22.01.2025
Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 19.02.2025.
Fundargerð stjórnarfundar Veitna nr. 162 dags. 23.01.2025
Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix dags. 31.01.2025

13. Forstjóri gerði grein fyrir efni skýrslu sinni dags. 3. mars 2025.

14. Önnur mál.

Tillaga Ragnildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur, sem frestað var á SF360, lögð fram að nýju. Umræður. Tillögunni frestað til fundar þann 7. mars nk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:50.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 31. mars 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðarson.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 27. janúar kl. 13:00 var haldinn 360. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur og Helena Guðrún Guðmundsdóttir að hluta.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og stjórnarfolk gerði grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 23. janúar 2025 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF359 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Framkvæmdastjóri fjármála gerði grein fyrir mánaðaruppgjör desembermánaðar og drögum að ársuppgjöri samstæðu fyrir árið 2024. Einnig gerð grein fyrir stöðu fjármögnunar.

Klukkan 13:50 mætti Helena Guðrún Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsfólks Orkuveitunnar, til fundarins.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 27. janúar 2025, vegna stækkunar á útgáfuramma Orkuveitunnar 2025. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir heimild til hækkunar á útgáfuramma skuldabréfa og víxla Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð kr. 50.000.000.000 að nafnvirði. Heildarstærð útgáfuramma, útistandandi á hverjum tíma nemur eftir hækkunina kr. 170.000.000.000 að nafnvirði. Forstjóri og/eða framkvæmdastjóri fjármála fá einnig heimild til undirritunar allra skjala sem heimildin nær til.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Lögð fram svohljóðandi tillaga um rafræna skráningu skuldabréfa, dags. 27. janúar 2025. Tillögunni fylgir greinargerð:

Með vísan til laga og reglugerða um útgáfu og skráningu skuldabréfa, sérstaklega reglugerðar um eignaskráningu í verðbréfamiðstöð, nr. 441/2023, er lagt til að skuldabréfaflokkurinn HVR 03 1 verði rafrænt skráður í samræmi við nútímakröfur um gagnsæi, öryggi og skilvirkni í viðskiptum með verðbréf til að uppfylla uppfærðar reglur Kauphallar um rafræna skráningu.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Rekstraráættuskýrsla lögð fram ásamt skýringum.

Framkvæmdastjóri fjármála lagði fram og kynnti minnisblað, dags. 27. janúar 2025 varðandi nýtingu á bor í eigu Carbfix/Orkuveitunnar.

4. Forstjóri gerði grein fyrir minnisblaði, dags. 16. janúar 2025 um innleiðingu sjálfbærnireikningsskila í ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar. Einnig lagt fram erindi endurskoðunarnefndar, dags. 15. janúar 2025 varðandi heimild endurskoðunarnefndar til að taka tilboði Grant Thornton endurskoðunar í skoðun sjálfbærniupplýsinga samstæðunnar vegna ársins 2024 og ráðgjöf tengda innleiðingu flokkunarreglugerðar í fjárhagsbókhaldskerfi, sbr. samþykkt stjórnar Orkuveitunnar þann 16. desember 2024. IER25010005.
5. Lögð fram 4. áfangi árlegrar skýrslu um aðlögun að loftslagsbreytingum, dags. 19. desember 2024.
6. Lögð fram skýrsla um framfylgd eigendastefnu vegna ársins 2024, sem lögð var fram á eigendafundi þann 10. janúar sl.
7. Klukkan 14:40 mættu til fundarins Hera Grímsdóttir, Harpa Þórunn Pétursdóttir, Arna Pálsdóttir og Dario Ingi Di Rienzo. Arna gerði grein fyrir rannsóknarverkefninu LIFE: Vatnaáætlun Icewater. Klukkan 14:45 yfirgaf Arna Pálsdóttir fundinn.

Hera og Harpa Þórunn gerðu grein fyrir rannsóknum í Þverárdal og Bitru og mögulegri nýtingu á þeim borholum sem þegar eru til staðar á svæðinu. Umræður. Frekari gagna verður aflað og málið kynnt aftur á næsta fundi stjórnar.

8. Lagt fram minnisblað, dags. 23. janúar 2025 um stöðu auðlinda, nýsköpunar, sjálfbærni og umhverfi.
9. Lögð fram tillaga um óbreytta heildarstefna. Samþykkt samhljóða.
10. Eftirfarandi fundargerðir og skýrslur framkvæmdastjóra dótturfélaga lagðar fram:
Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans 22. janúar 2025.
Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans 13. desember 2024.
Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar 22. janúar 2024
Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar 11. desember 2024.
Minnisblað framkvæmdastýru Veitna 23. janúar 2025
Fundargerð stjórnarfundar Veitna 12. desember 2024.
11. Forstjóri gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 27. janúar 2025 um starfsemi milli stjórnarfunda.
12. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga Skúla Þórs Helgasonar, sem var frestað á SF 358:

Lagt er til að stjórn beini því til forstjóra að hann óski eftir því við framkvæmdastjóra ON/ON Power að greint verði hvaða áhrif það hefði á afkomu fyrirtækisins og þar með samstæðu Orkuveitunnar ef orka sem nú er bundin í samningum við Norðurál og aðra stórnotendur yrði öll seld á markaðsverði. Jafnframt verði rýnt hvernig væri eðlilegt að standa að útboði á þeirri orku sem losnar ef ekki yrðu framlengdir samningar við umrædda aðila. Þá verði í minnisblaðinu lagt mat á það að hve miklu leyti þeir aðilar sem hafa lýst sig áhugasama um að kaupa hluta af umræddri orku falla að áherslum félagsins um sjálfbærni og markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Þá verði upplýst um áhrif áforma viðkomandi aðila á atvinnusköpun og fjölda starfa.

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur vinnu við skilgreiningu matsþátta/mælikvarða sem verði lagðir til grundvallar við mat á kaupþilboðum þar sem byggt verði á markmiðum á borð við sjálfbærni, fylgni við loftslagsmarkmið og atvinnusköpun.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgasonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Þórður Gunnarsson og Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir sitja hjá. Klukkan 16:20 mættu Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og Margrét Lilja Hrafnkelsdóttir viðskiptaþróunarstjóri Orku náttúrunnar til fundarins og gerðu grein fyrir kynningu þar sem fjallað er efnislega um tillöguna.

Skúli Þór Helgason óskar bókað:

Á næstu þremur árum renna út stórir raforkusölusamningar við stórnotendur um ríflega 215 MW af orku sem svara til 82% af samningsbundnu orkumagni sem tengt er við álverð. Ljóst er að umræddir samningar við stóriðjufyrirtæki voru á sínum tíma gerðir langt undir núverandi markaðsvirði og eru því miklir hagsmunir í því fólgnir að semja um markaðsverð við endurskoðun umræddra samninga á næstu misserum. Sá ávinningur gæti numið milljörðum króna árlega fyrir Orkuveituna þegar nýir raforkusölusamningar hafa tekið gildi. Það munar sannarlega um minna en samhliða er mikilvægt að nýta tækifærið sem skapast við endurskoðun umræddra samninga til að þjóna markmiðum Orkuveitunnar um sjálfbærni og kolefnishlutleysi í samræmi við nýja stefnu fyrirtækisins og styðja við baráttu stjórnvalda og heimsbyggðarinnar við loftslagsbreytingar.

13. Önnur mál.

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að leggja fyrir eigendur að taka afstöðu til fjárframlaga og framtíðaráforma um stuðning við Carbfix. Í 8. lið Eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er kveðið á um ákvarðanir sem hljóta skuli samþykki eigenda. Heildarupphæð brúarlána OR sem þegar hafa verið veitt til Carbfix er rétt innan við 5% af eigin fé Orkuveitunnar samkvæmt árshlutareikningi fyrir fyrri hluta árs 2024. Fram kemur í umsögn rýnihóps Borgarráðs dagsett 18. ágúst 2022 að rökin fyrir stofnun Carbfix hf. séu að takmarka áhættu samstæðunnar svo vöxtur verkefna Carbfix sé ekki fjármagnaður úr sjóðum OR. Það leiðir af hlutarins eðli að lánsframlögin marka því stefnubreytingu frá forsendum eigenda fyrir stofnun Carbfix hf. og skal því samkvæmt Eigendastefnu bera ákvörðunina undir eigendur til samþykkis.“

Afgreiðslu tillögunnar frestað með atkvæðum alls stjórnarfólks nema Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur, sem greiðir atkvæði gegn frestun tillögunnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:15.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 3. mars 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,

Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðarson, Helena Guðrún
Guðmundsdóttir.



Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 361

ES

Reykjavík 3. mars 2025

TILLAGA

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita stjórnarformanni umboð til boðunar aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2025, í samræmi við sameignarsamning og að höfðu samráði við eigendur.



Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 361

ES

Reykjavík 3. mars 2025

TILLAGA

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2023.



Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 361
VV/es
Reykjavík 3. mars 2025

TILLAGA

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR. Litið var til tveggja opinberra fyrirtækja, þ.e. til Landsvirkjunar og Landsnets en þar var hækkun árin 2022 (v. 2023) og 2023 (v 2024) m.t.t. verðbólgu (9%) en tölur fyrir 2024 eru ekki enn komnar. Ef miðað er við sömu aðferðafræði og beitt var milli 2022 og 2023 voru stjórnarlaun Landsvirkjunar um 307.000 kr. á mánuði á síðasta ári og stjórnarlaun Landsnets um 250.000 kr. Stjórnarlaun vegna Strætó bs. og Faxaflóahafna sf. hækkuðu milli ára um sem nemur hækkun launavísitölu. Launavísitala milli ára – þ.e. frá desember 2023 – desember 2024 var 6,4%. Til samanburðar hækkuðu heildarlaun framkvæmdastjóra OR milli desember 2023 og desember 2024 um 9%.

Stjórnarstörf eru aukastörf þótt sumir stjórnarmanna séu fulltrúar í sveita/borgarstjórn hjá eigendum fyrirtækisins.

Með vísan til framangreinds þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki sem nemur hækkun launavísitölu milli ára eða 6,4%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun aðalmanna 231.412 kr. (voru 217.493, 2024) á mánuði en varamanna helming þeirrar fjárhæðar fyrir hvern fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundir skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Hins vegar skal greiða sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum ef aukafundur er 3 klukkustundir eða lengur. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Ef kjörinn stjórnarmaður er með lögheimili erlendis er heimilt að greiða honum aukalega vegna útlagðs kostnaðar, þ.m.t. kostnaður við að koma sér til og frá fundarstað (þetta á einungis við um staðfundi).

Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.



GREINARGERÐ

Lagt er til að umræddar breytingar á þóknun stjórnarmanna verði formlega samþykktar af stjórn og öðlist gildi 1. mars 2025. Stjórnarlaun Orkuveitu Reykjavíkur ættu að vera í samræmi við stjórnarlaun annarra fyrirtækja í opinberri eigu, einkum með tilliti stærðar reksturs og efnahags Orkuveitu Reykjavíkur og þeirrar ábyrgðar sem hvílir á herðum stjórnarmanna. Er hækkunin til samræmis við hækkun launavísitölu milli ára en þó töluvert undir hækkun launa stjórnenda OR sem var 9%. Jafnframt er lagt til að þóknun fyrir lengri aukafundi verði 50% af mánaðarlegum stjórnarfundum fyrir hvern fund. Til viðbótar þykir starfskjaranefnd eðlilegt að greiða útlagðan ferðakostnað fyrir stjórnarmenn sem eiga lögheimili erlendis.

Drífa Sigurðardóttir

Vala Valtýsdóttir

Þórður Gunnarsson

formaður



Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 361

DIB

Reykjavík 3. mars 2025

TILLAGA

Stjórn samþykkir að heildstæð skýrslugjöf um áhættustjórnun verði hluti af reglubundinni skýrslugjöf til stjórnar og að hún verði lögð fyrir ársfjórðungslega.

GREINARGERÐ

Tilgangur: Heildstæð skýrslugjöf um áhættustjórnun hefur það markmið að veita stjórn og stjórnendum samræmda yfirsýn yfir áhættur gagnvart undirstefnum fyrirtækisins. Skýrslugjöfin felur í sér að safna saman gögnum frá ólíkum deildum og sviðum og miðla þeim á skýran og heildstæðan hátt.

Helstu stefnur og málaflokkar

Um er að ræða stefnur og málaflokka sem gera ráð fyrir áhættustjórnun í sínum ferlum

- **Áhættustefna** – Fjármál, rekstrarmál og verkefni
- **Stefna í öryggis og heilsumálum** – Öryggis- og heilsumál
- **Sjálfbærnistefna** – Umhverfis-, loftslags-, sjálfbærni- og auðlindamál
- **Stefna um upplýsingaöryggi** – Upplýsingaöryggi og netöryggi

Lykilatriði skýrslugjafar

- Yfirsýn yfir málaflokka og stöðu þeirra gagnvart lykil áhættum (hreyfingar upp/niður/eins).
- Samþætting gagna frá ólíkum deildum í eina heildstæða skýrslu.
- Notkun áhættuvísa sem sýna þróun einstakra þátta og veita innsýn í hvort að líkur séu á að áhætta raungerist.
- Regluleg framsetning til stjórnar, lögð fram í febrúar, maí, ágúst og nóvember.



Mælaborð og framsetning

- Skýrslan birtist sem mælaborð sem gefur heildarmynd af áhættustöðu (eins konar "veðurkort").
- Einstakir áhættuvísar sýna hvort tilteknir þættir eru í góðu horfi eða krefjast sérstakrar athygli.
- Mikilvægi einstakra áhættuvísa metið í samhengi. Einn veikur vísir þýðir ekki endilega að allt sé í ólagi, en ákveðnir þættir geta haft úrslitaáhrif.
- Áhættuvísar geta sagt stjórnafólki og stjórnendum ákveðna sögu, gefið vísbendingar um þróun áhættuþátta, bæði í átt til betri eða verri stöðu. Þeir varpa ljósi á bæði neikvæða þróun sem kallar á viðbrögð og jákvæða þróun sem sýnir að gripið hefur verið til árangursríkra umbóta.
- Athygli er vakin á því að gögnin eru ekki fullkomin, þau ná ekki alltaf yfir öll félög, sum eru ung og skortir sögulega dýpt. Grunnvinnu er lokið, söfnun upplýsinga og úrvinnsla þeirra er hafin. Með því að vinna úr bæði eldri og nýrri gögnum, dýpkar skilningur á því sem raunverulega skiptir máli

Ávinningur

- Veitir heildræna og samræmda sýn á áhættur.
- Gefur stjórnnum og stjórnendum upplýsingar fyrir ákvarðanatöku.
- Skýr sýn á hvaða áhættuvísa þarf að fylgjast sérstaklega með hverju sinni.

Næstu skref

Um er að ræða fyrstu útgáfu skýrslunnar. Áframhaldandi þróun felst í að bæta gæði gagna, auka innsýn og fínstilla áhættuvísa í takt við markmið fyrirtækisins.

Skýrslan byggir á stefnum fyrirtækisins og viðmiðum um áhættustjórnun. Stjórn er hvött til að veita ábendingar um hvort þessi framsetning og mælikvarðar endurspegli nægjanlega vel áherslur fyrirtækisins eða hvort aðrir þættir eigi að koma til skoðunar.

Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson, Harpa Pétursdóttir og Arna Pálsdóttir

Dagsetning: 27.02.2025

EFNI: MINNISBLAÐ UM AUÐLINDIR, NÝSKÖPUN, SJÁLFBÆRNI OG UMHVERFI

Staða Auðlinda

Rannsóknarborun á Brimnesi og Laugalandi í Holtum

Borun holu SV-10 á Brimnesi er enn í gangi. Upphaflegt markmið var að holan færi í 800 m og því dýpi var náð 3. febrúar. Þá var holan hitamæld og gert á henni stutt blásturspróf. Hún reyndist ívið heitari en hola SV-08, eða rúmlega 100°C í botni. Hún reyndist, hinsvegar, ekki jafn gæf og SV-08 og gaf aðeins um 10 l/s í blástursprófi. Tekin var ákvörðun um dýpka holuna niður í 900 m og freista þess að fá meira heitt vatn í hana neðar. Því dýpi var náð 13. febrúar og næst á dagskrá er að blástursprófa holuna og taka ákvörðun um framhaldið, þ.e. hvort gengið verði frá holunni þannig að hún geti nýst sem vinnsluhola eða hvort vinnu við hana verði hætt.

Samkvæmt verkáætlun Ræktó mun borinn Freyja fara á Laugaland í Holtum þegar borun holu SV-10 er lokið. Þar er allt til reiðu að hefja borun, öll leyfi í höfn og borplan klárt. Gera má ráð fyrir að Freyja verði komin í Laugaland um eða upp úr miðjum mars ef ekkert óvænt kemur uppá.

Útboð rammasamnings vegna sýnatöku og eftirlits með fráveitu

Unnið er að því að bjóða út sýnatökur og greiningar fyrir allar fráveitur Veitna. Eftirlitið er hluti af starfsleyfis skyldum Veitna. Unnið er að gerð útboðsgagna en núverandi samningur um eftirlitið við Eflu rennur út í júní á þessu ári.

Í útboðinu er lagt upp með að auka tíðni reglubundins eftirlits. Einnig er bætt við mælipáttum fyrir höfuðborgarsvæðið, Akranes og Borgarnes. Markmið þess er að eiga betri gögn um breytileika í efnismagni fráveituvatns sem er nauðsynlegt til að geta mætt auknum hreinskröfum í framtíðinni.

Nýir Orkukostir og nýsköpun

Vísað er minnisblaðs sem sent var á umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytisins þann 20. febrúar 2025 varðandi möguleika til orkuöflunar sem eru í skoðun hjá Orkuveitunni og fylgir með þessu minnisblaði. Þar er gerð grein fyrir þeim virkjunarkostum sem eru í nýtingarflokki rammaáætlunar sem Orkuveitan ásamt dótturfélögum ber ábyrgð á. Auk þess er gerð grein fyrir þeim virkjunarkostum sem Orkuveitan hefur til skoðunar en eru ekki í nýtingarflokki rammaáætlunar, orkuöflun í varma, boráætlun Orkuveitunnar og orkuöflun tengdri nýsköpun. Tímalínur eru settar fram þar sem það er hægt með fyrirvara um leyfisveitingar, niðurstöður rannsókna, tækni og fleiri óvissupætti. Allt getur þetta haft áhrif á áætlanir Orkuveitunnar. Einnig var sent minnisblað sem lýsir djúpnýtingar verkefnasafni Orkuveitunnar og fylgir það með einnig.

Innkaupastefna og innkaupayfirlit fyrir árið 2024

Birgitta Vigfúsdóttir
Stjórnarfundur 03.03.2025

Innkaupastefna OR STE-035 lögð fram óbreytt

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að:

- Beita útboðum s.s. almennum eða lokuðum eða öðrum lögbundnum innkaupaferlum við kaup á vörum, þjónustu og verkframkvæmdum. Í útboðum verði tekið tillit til sjálfbærnisjónarmiða og að hagstæðasta tilboði sé tekið.
- Innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar.
- Gæta jafnræðis, gagnsæis og hagkvæmni við öll innkaup.
- Við innkaup og rekstur samninga skuli taka tillit til sjálfbærnisjónarmiða, s.s. gæða-, heilbrigðis-, mannréttinda-, umhverfis-, upplýsingaöryggis- og öryggissjónarmiða.

Innkaupastefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.



Aðgerðir sem stuðla að stefnunni

- Innkaupanámskeið haldin innanhúss fyrir alla þá sem koma að innkaupum. Þar er farið yfir eftirfarandi þætti:
 - Innkaupastefna
 - Innkaupaferli
 - Lög og reglugerðir
 - Innri innkaupareglur
 - Útboð og verðfyrirspurnir
 - Rekstur samninga



Aðgerðir sem stuðla að stefnunni

- Siðareglur birgja

- Samstæðan styður Clobal Compact, alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna. Með því hafa fyrirtækin skuldbundið sig að stefna þeirra og starfshættir séu í samræmi við grundvallarmarkmið sem snúa að mannréttindum, vinnumarkaði, umhverfinu og aðgerðum gegn spillingu. (Heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu)
- Allir birgjar sem bjóða í verkefni í gegn um útboð kvitta uppá skjal þar sem m.a. þessi atriði eru tekin fram.
- Birgjar geta einnig kvittað upp á siðareglur í gegn um heimasíðu
OR



Aðgerðir sem stuðla að stefnunni

Lykilmælikvarðar Innkaupa eru m.a.

- Hlutfall útboða OR samstæðunnar

- Markmið fyrir 2025 57%

- Markmið fyrir samstæðuna var 2024 var 50%. Raun 57%


- Aukin áhersla á umhverfis og öryggismál í útboðum

- Nýr mælikvarði: Lágmark 70% útboða samstæðunnar innihaldi umhverfismatsþætti

- 2024 var hlutfallið í 59%



Innkaupayfirlit Samstæðu | Þróun síðustu ára



Viðskiptakjarasamningar

- Innkaup vegna vöruhúsaþjónustu eru um 250 m.kr. og eru flokkuð sem viðskiptakjör og eru einn stærsti einstaki liðurinn þar undir í dag.
 - Ákvörðun hefur verið tekin að bjóða þjónustuna ekki út fyrr en viðgerð á höfuðstöðvum hefur verið lokið. Þá gefst tækifæri að endurskipuleggja lagermál samstæðunnar.
 - Möguleiki verður að nýta Norðurhús undir lagersvæði fyrir þær vörur sem við viljum hafa nær okkur
 - Lager fyrir hleðslustöðvar ON (Hleðsluland) var settur upp í Norðurhúsi og tekin í notkun í byrjun febrúar
 - Þá er á döfinni hjá ON að byggja lagerhúsnæði á Hellisheiði og munu þau þá taka það efni sem tilheyrir þeim af vöruhótelinu.

Stefnan

Framtíðarsýn

Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar

Hlutverk

Orkuveitan styður vaxandi samfélag, heimili og atvinnulíf með nýsköpun í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu.

Stefnuáherslur

Aukið framboð og sjálfbærar lausnir
Nýtum orkuna úr náttúrunni

- Aukin orkuframleiðsla
- Ábyrg auðlindanýting
- Öflug veitukerfi
- Kolefnishlutleysi

Nýsköpun og öflugt samstarf
Tengjumst skapandi orku úr mannlífinu


- Virðisaukandi lausnir
- Kvik og hröð innleiðing
- Árangursríkt samstarf

Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur
Mögnum okkar eigin frumkvöðlaorku

- Fjölbreytt liðsheild
- Skilvirk og snjöll
- Traustur rekstur
- Framsýn forysta

Fyrir viðskiptavininn
Veitum orkunni til viðskiptavina

- ◉ Ánægðir viðskiptavinir
- ◉ Snjöll og örugg þjónusta
- ◉ Fjölbreytt viðskipti



Gildin okkar

Frumkvæði | Framsýni | Hagsýni | Heiðarleiki

Efni: Yfirlit yfir innkaupa á árinu 2024

Heildarinnkaup samstæðu Orkuveitunnar á árinu 2024 voru að fjárhæð 43.840 m.kr. Eftir uppskiptingu er töluvert um viðskipti innan samstæðu og námu þau um 5.488 m.kr. á tímabilinu. Til innri viðskipta teljast t.d. vörukaup dótturfélaga af móðurfélagi.

Samstæða		
Flokkun	Upphæð	Hlutfall 2024
Útboð	25.107.384.482,18	57%
Innri viðskipti	5.487.800.807,38	13%
Viðskiptakjarasamningar	7.991.357.276,17	18%
Samtals	38.586.542.565,73	88%
Viðskipti undir viðmiði	5.254.148.248,76	12%
Samtals	43.840.690.814,49	100%

Í ljósi eðli starfsemi Orkuveitunnar er oft á tíðum þörf á sérhæfðum innkaupum á vöru og þjónustu þar sem afar erfitt getur verið að koma við útboðum. Þetta á sérstaklega við um ýmiss konar viðhald á sérhæfðum búnaði sem og bilanir í veitukerfum og virkjanarekstri. Lögð hefur verið rík áhersla á að gera viðskiptakjarasamninga við þjónustuaðila til að sinna slíku.

Nýframkvæmdir eru skipulagðar fram í tímann og í slíkum tilfellum er útboðum nánast undantekningarlaust beitt.

Í samræmi við innkaupareglur Orkuveitunnar er heimilt að víkja frá skyldu um að nota útboð eða verðfyrirspurn um eftirtalda þjónustu: Útgáfu viðskiptabréfa, fjármálaráðgjöf, rekstrar- og stjórnunarráðgjöf, lögfræðiþjónustu, ráðningarþjónustu, starfsmenntun og námskeið, innkaup á sérhæfðum búnaði, varahlutum og vinnu við viðhald og þróunarverkefnum.

Neðangreind tafla sýnir flokkun innkaupa af birgjum þar sem heildarviðskipti á tímabilinu eru yfir útboðsmörkum samkvæmt innkaupareglum Orkuveitunnar (18,5 m.kr.). Einnig má sjá þróun á hlutfalli flokka frá árinu 2016.

Orkuveita Reykjavíkur										
	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Upphæð 2024
Útboð	53%	50%	56%	48%	49%	51%	57%	55%	56%	6.393.790.716,49
Innri viðskipti	6%	6%	6%	4%	6%	5%	6%	5%	3%	388.102.710,84
Viðskiptakjarasamningar	19%	22%	19%	32%	20%	22%	19%	21%	24%	2.723.154.268,41
Húsaleiga	6%	6%	6%	3%	1%	1%	1%	1%	1%	59.358.294,00
Opinberir aðilar o.fl.	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	76.403.785,00
Samtals	84%	86%	88%	87%	77%	80%	85%	82%	85%	9.640.809.774,74
Viðskipti undir viðmiði	16%	14%	12%	13%	23%	20%	16%	18%	15%	1.753.643.759,06
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	11.394.453.533,80

Birgitta Vigfúsdóttir, Leiðtogi Innkaupa veitir fúslega nánari skýringu á einstaka liðum. Sími 617-6336, netfang birgittav@or.is